

# Sunddeild Fjölnis

Egilshöll Fossaleyni 1, 112 Reykjavík

Sími 594 9640

Netfang: [maria@fjolnir.is](mailto:maria@fjolnir.is) eða [malfridur@fjolnir.is](mailto:malfridur@fjolnir.is)

Heimasíða [www.fjolnir.is/sund](http://www.fjolnir.is/sund)



## UPPLÝSINGAR UM ÆFINGAGJÖLD, GREIÐSLU FYRIRKOMULAG OG FLEIRA

### Æfinga- og skráningargjöld sundárið 2009 – 2010 (1 sept 2009 til 31. ágúst 2010)

Hópur	Tímabil.	Æfingagjald pr.mánuð	SSÍ gjald *	Félagsgjald*
AA og A	11 mánuði	7.000 kr.	6.000 kr.	500 kr.
B	10 mánuði	6.500 kr.	6.000 kr.	500 kr.
C	10 mánuði	6.000 kr.	3.000 kr.	500 kr.
D	10 mánuði	6.000 kr.	3.000 kr.	500 kr.
E		6.000 kr.	0kr.	500 kr.
Garpar		4.500 kr.	0 kr.	0 kr.
Skriðsundsnám	1 mánuð	5.000 kr.	0 kr.	0 kr.
Ungbarnasund	2 mánuði	10.000 kr.	0 kr.	0 kr.

\*SSÍ gjald og félagsgjald er innheimt með fyrstu greiðslu  
Hvar á að greiða:

#### Hvernig og hvert skal greiða æfingagjöldin:

Skrá þarf iðkendur í upphafi hvers sundárs (einnig þá sem hafa verið áður).

Fyrsta mánuðinn skal ávalt staðgreiða ásamt þjónustugjöldum (óendurkræft)

Hægt er að setja rest á greiðslukortasamning eða fá sendan greiðsluseðil sem mun birtast í heimabanka foreldris/forráðamanns.

Þau sem úthluta Frístundastyrk til sunddeildar, koma með kvittun við skráningu eða senda upplýsingar á [malfridur@fjolnir.is](mailto:malfridur@fjolnir.is) eða [maría@fjolnir.is](mailto:maria@fjolnir.is)

**Kennitala: 631288-7589 Bankareikningur 0114-26-3188**

#### SSÍ gjald:

Sundsamband Íslands innheimtir þjónustugjald af öllum sundfélögum á landinu. Þessi gjöld notar SSÍ til að þjónusta sundfélög og iðkendur sundíþróttarinnar á Íslandi. Sunddeild Fjölnis mun hafa tvær upphæðir af þjónustugjöldum þar sem sundfólk í eldri hópum notar þessa þjónustu meira og keppir á mun fleiri mótum en þau yngri. E-hópur, Garpar, Skriðsundsnámskeið og Ungbarnasund greiða ekki SSÍ gjald.

#### Systkinaafsláttur:

Elsta barn borgar fullt gjald en eftir það er 10% systkinaafsláttur á barn.

#### Félagsgjald:

Félagsgjald eða skráningagjald er innheimt með greiðslu fyrst mánaðargjalds og stendur undir kostnaði vegna skráninga og innheimtu.

#### Mótagjald (stungugjöld):

Upphæðir sem innheimtar eru fyrir hvern sundmann á sundmótum eru frá 350-600 kr. fyrir hverja grein sem synt er. Þessi gjöld verða innheimt sér fyrir hvert sundmót sem sunddeildin tekur þátt í. Það er því mikilvægt að allir sem skráðir eru til keppni mæti og syndi sína greinar eða láti vita með nægilegum fyrirvara keppi viðkomandi ekki.